



Alþingi - Iðnaðarnefnd
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2006
Tilvísun: 2006030005
Bréfalykill: 50.13

Efni: Þingsályktun um verkefnið Djúpborun á Íslandi, 132. löggjafarþing 2005-2006, 61. mál.

Orkustofnun hefur borist ósk Alþingis frá 2. mars 2006 að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Orkustofnun fagnar þeim áhuga sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um verkefnið Djúpborun á Íslandi. Verkefnið er í góðum höndum samstarfsaðila og hefur hlotið stuðning ríkisstjórnar. Ályktun Alþingis um stuðning við verkefnið mundi styrkja þetta starf og auka áhuga innlendra og erlendra aðila á samstarfi. Þetta er flókið viðfangsefni sem kannar óþekktar brautir, m.a. glímu við hita og þrýsting (afl), efnainnihald djúpvökvans og efnistækni við hönnun borholanna. Til þess þarf bæði fjármagn og tíma. Aukið fjármagn mundi geta flýtt fyrir borunum en rannsóknir og úrvinnsla þeirra þurfa ekki síður tíma en fjármagn. Því er ekki víst að markmið ályktunarinnar að flýta verkefninu um 5 - 10 ár sé raunhæft. Stuðningur Alþingis við verkefnið yrði engu að síður mikilvægur fyrir framgang þess og framkvæmd.

Niðurstaða:

Stuðningur Alþingis er mikilvægur fyrir framgang verkefnisins, en sú tímaáætlun sem samstarfsaðilar hafa unnið eftir tekur mið af því hve flókið verkefnið er og hve mikilvægt er að ljúka tilteknum rannsóknum áður en næstu skref eru stigin. Gangi verkefnið betur en nú er ætlað er gott að vita af stuðningi Alþingis, ef fara þarf fram á flýtingu fjárframlaga til að standa straum af kostnaðarhlut ríkisins.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Þorkell Helgason